

Mál nr. 152/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Heiti vátryggingartaka (X)

Skaðabótaábyrgð. Opinbert hlutafélag.

Gögn.

1. Málskot mótttekið 23. maí 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V, dags. 14. júní 2022, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

M lýsir atvikum þannig í málskoti að tjón hafi orðið á öðru inntaksröri af tveimur sem þjóni þeim tilgangi að dæla ferskvatni úr Þverá í Vatnsfirði á Barðaströnd í dælubrunn sem síðan er dælt til fiskeldis sem M rekur. Um hafi verið að ræða varainntaksrör sem staðsett sé út frá húsbyggingu sem hýsir dælubrunninn, en aðalinntak sé staðsett nokkru fyrir ofan húsbygginguna. M lýsir aðstæðum þannig að rör við varainntakið hafi verið 12 metrar á lengd frá dælubrunni og „...staðsett 50 cm undir vatnsyfirborði, grafin niður í árbotninn í rás sem varnaði því að rörið lyftist upp fyrir vatnsyfirborðið en jafnframt var rörir hulið steypuröri grjóti og möl í þeim sama tilgangi.“ M leggur einnig fram ljósmyndir af aðstæðum. M telur að aðilar á vegum X hafi plægt og fleygað í gegnum Þverána á tímabilinu 4.-6. september 2018 þannig að varainntaksrörið hafi farið í tvennt, losnað úr fyrrnefndri rás og og flotið upp á yfirborð árinna. Afleiðingar þessa hafi síðan verið þær að dælur, brunnar og ker fiskeldis hafi fyllst af drullu og leir sem og hafi starfsmenn á vegum X tekið í sundur rafmagnsstreng sem liggi um jörð M þannig að samband við fiskeldi hennar rofnaði. M lýsir því að samþýlismaður hennar hafi orðið var við framkvæmdir á vegum X hinn 6. september 2018 og spurst fyrir um hvað þeir væru að gera. Hinn 10. september 2018 hafi sá hinn sami sent erindi á skipulagsyfirvöld í Vesturbyggð vegna framkvæmdanna og þá komið í ljós að ekki lægi fyrir leyfi fyrir lagningu strengs á þessu svæði.

M telur að starfsmenn X hafi sýnt saknæma háttsemi með því að hefja framkvæmdir og gróft með vinnuvélum í Þverá án leyfis skipulagsyfirvalda og vísar um það til 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem komið fram að afla skuli framkvæmdaleyfis sveitarstjórnar vegna meiriháttar framkvæmda. M vísar einnig til ýmissa ákvæði í reglugerða um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 þar sem komi fram það markmið að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda og liggi refsing við því að fara ekki eftir skilyrðum reglugerðar og laga. M telur að ekki hafi verið gætt fyllsta öryggis við undirbúning framkvæmda, ekki hafi verið haft samráð við M, eins og hefði átt að gera áður en framkvæmdaleyfi var gefið. M vísar til þess að X sé opinbert hlutafélag sem hafi á að skipa sérfræðingum vegna framkvæmda auk þess sem ljósmyndir af vettvangi sýni að auðveldlega hefði verið hægt að komast hjá því að mannvirki M yrðu fyrir skemmdum með því að plægja og fleyga fjær mannvirkjum. M bendir einnig á að ekkert samráð hafi verið haft við M áður en framkvæmdir hófust.

V hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X og telur að ósannað sé að framkvæmdir X hafi leitt til tjóns fyrir M. V telur óljóst af myndum sem M hefur lagt fram hvort lögn við varainntak vatnslagnar hafi farið í sundur eða einungis færst til, hvort hún hafi flotið upp vegna leysinga eða af öðrum náttúrulegum orsökum. Auk þess bendir V á að búnaður M sé kominn nokkuð til ára sinna og að tjón hafi verið á rafstrengjum áður en framkvæmdir X hófust og vísar þar til tölvupósts starfsmanns X dags. 14. maí 2021. Auk þess bendir V á að ekki hafi legið fyrir opinberar lagnateikningar eða annað sem hefðu getað sýnt starfsmönnum X hvar vatnslagnir lágu og starfsmenn X kannist ekki við að hafa rofið lagnir á svæðinu. V bendir enn fremur á að framkvæmdaleyfi vegna lagningar jarðstrengs á svæðinu hafi legið fyrir af hálfu Umhverfisstofnunar og ekki hafi verið skylt að afla framkvæmdaleyfis sveitarfélags þar sem framkvæmdin hafi ekki verið „meiri háttar framkvæmd“, eins og 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga áskilji. Einnig bendir V á að M hafi ekki verið landeigandi heldur leigutaki og því hafi X ekki borið að leggja lagnaleið undir M. Einnig er vísað til þess að M eða fólk á hennar vegum hafi verið á staðnum þegar lagnaleið var valin og M hafi samþykkt þá leið munnlega og með undirritun á bréf dags. 12. október 2018, enda hafi verið um að ræða lagningu 3 fasa rafmagnsstrengs að fiskeldi M og í þágu þess.

V vísar einnig til orðalags vátryggingarskilmála fyrir ábyrgðartryggingu X þar sem komi m.a. fram í 2. gr. að vátryggingin taki til skaðabótaábyrgðar sem falli á vátryggðan m.v. vegna skemmda á munum, enda verði skemmdirnar raktar til skyndilegs og óvænts atburðar. V telur að orsök tjóns eða að minnsta kosti stór hluti þess sé hægt að rekja til rasks árfarvegi og þó slíkt rask mætti rekja til X sé um að ræða mögulegt almennt fjártjón M vegna þess en ekki skemmdir á munum og nái gildissvið ábyrgðartryggingar V því ekki til slíks tjóns. Einnig bendir V á e.lið 8. gr. vátryggingarskilmála þar sem komi fram að munatjón sem hlýst af framkvæmdum í jörðu og eða breytingum á rennsli vatns eða öðrum framkvæmdum varðandi straumvatn falli ekki undir trygginguna.

Álit.

Í fyrsta lagi er í málinu ágreiningur um hvort sannað sé að framkvæmdir á vegum X í byrjun september 2018 hafi leitt til þess að vatnslögn við varainntak M í Þverá hafi skemmst, rafstrengur hafi slitnað og hvort það hafi síðan leitt til tjóns á búnaði fiskeldis M eða öðru því sem fylgir rekstri fiskeldisins.

Sönnunarbyrði hvílir á þeim slíku heldur fram og verður því að meta hvort M hafi með framlögðum gögnum sýnt fram á að framkvæmdir X hafi leitt til tjóns á hennar eigum, áður en mat fer fram á því hvort sú háttsemi sem starfsmenn X sýndu við slíkar framkvæmdir hafi verið gáleysisleg eða að X beri skaðabótaábyrgð vegna atvika eða aðstæðna við framkvæmdina að öðru leyti.

Ljóst er af gögnum málsins að starfsmenn á vegum X voru við vinnu í Þverá í byrjun september 2018 við lagningu 3 fasa háspennustrengs að fiskeldi M. Ágreiningur er hins vegar um hvort sannað sé að þær framkvæmdir hafi leitt til tjóns á varainntaki og annars rafstrengs M. Myndir þær sem M hefur lagt fram máli sínu til stuðnings sýna ekki með afgerandi hætti að tjón sé vegna framkvæmda X, ekki liggur fyrir með skýrum hætti hvernig lögnin lá áður en framkvæmdir hófust og hvort breyting hafi orðið á við þær. Yfirlýsingar aðila á vegum M duga ekki einar og sér til sönnunar og vitnisburðir annarra í málinu sýna heldur ekki með óyggjandi hætti að tjón hafi orðið vegna framkvæmda X eða að nægar líkur hafi verið leiddar af því þannig að sönnunarbyrði snúist við.

Þannig telst bótaréttur ekki vera fyrir hendi úr ábyrgðartryggingu X hjá V og telur nefndin þegar af þeirri ástæðu ekki nauðsynlegt að fjalla frekar um hvort mat á háttsemi starfsmanna X vegna öflunar framkvæmdaleyfis eða ætlaðrar vöntunar á samráði við M hafi verið saknæm, mögulegt umfang tjóns, skilgreiningu á skemmdum á munum eða almennu fjártjóni eða undanþáguákvæði vátryggingarskilmála.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 7. júlí 2022.

Póra Hallgrímsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir